

22. fundur fjallskilanevndar Saurbæjar

Fundur haldinn í fjallskilanevnd Saurbæjar fimmtudaginn 4. ágúst 2022
kl. 20:30 að Kjarlaksvöllum

Mætt voru: Jón Ingi Ólafsson, Steinþór Logi Arnarsson og Þórunn Elva Þórðardóttir.

Dagskrá:

1. Formaður fjallskilanevndar

Ákveðið að Þórunn Elva Þórðardóttir verði formaður fjallskilanevndar Saurbæjar.

2. Fjárhagur

Fjárhagsstaða fjallskiladeildarinnar rædd. Innistaða sjóðsins hefur naumt dugað fyrir fyrirséðum flutningskostnaði og því gætt sérstaklega að því að sjóðurinn standi undir því við álagningu fjallskila.

3. Álagning fjallskila

Fjártölur uppfærðar eftir að leiðrétting hafði borist um fjárfjölda á einum bæ. Ákveðið að fjallskil á svæðinu framkvæmd með svipuðum hætti og undanfarin ár skv. fjallskilaseðli sem sendur verður út til eigenda fjár og jarða. Samþykkt að fjallskiladagsverkið verði metið á kr. 12.220 líkt og í fyrra en kostnaður á hverja kind verði kr. 511,-.

4. Tímasetning

Rætt um tímasetningu leita og rétta. Samdóma álit að ástæða sé til að eiga samtalið milli fjallskiladeilda í varnarhólfinu hvort samstaða sé um að hnika fram því tímabil sem haustleitir hlaupi á.

Það þurfi að ræða í tíma enda kalli það á breytingu á Fjallskilasamþykktum.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 22:30

Jón Ingi Ólafsson
Steinþór Logi Arnarsson
Þórunn Elva Þórðardóttir